



Safnaðarblað Gleráarkirkju

3. tbl. 29. árg.

Desember 2014

„Því barn er oss fætt, sonur er oss gefinn.“ Jesaja 9.5



Aðventan

Aðventan er hafin og við horfum fram til jólahátíðarinnar full tilhlökkunar yfir allri þeirri gleði og dýrð sem hátíðinni fylgir. Aðventan er annasamur tími því þá hefst undirbúningur hátíðarinnar á flestum heimilum landsins. Það er að mörgu að hyggja því öll viljum við upplifa hina sönnu jólastemningu, við þráum að komast í jólaskap. Þess vegna skreytum við húsin okkar með ljósum innan sem utan, bókum smákökur af öllum gerðum, sækjum aðventutónleika, adventukvöld og jólahlaðborð. Allt þetta gerum við til þess að tjá þá miklu gleði sem jólnum fylgir.

En aðventan er meira hún er sá tími ársins sem kirkjan hefur um aldir notað til þess að hjálpa fólki að skynja hið heilaga, þar sem manneskjan kemst næst

Guði sínum og þar með sjálfri sér. Á adventu tókum við okkur stöðu með Maríu, Jósef, vitringunum þremur og fjárhirðunum á Betlehemsvöllum og bíðum í eftirvæntingu þess að himinn og jörð mætist, að Guð vitji okkar mannanna. Á adventunni tendrum við ljósin á adventukransinum fyrst tendrum við spádómskertið, næst Betlehemskerðið, svo hirðakerðið og loks englakertið. Ljósin minna okkur á Jesú sem er ljós þessa heims, þau eru bæn okkar um að á þessri adventu mættum við færast nær honum sem er ljós heimsins, að Jesús mætti verða ljós okkar lífs.

Guð gefi þér og fjölskyldu þinni gleðirík og blessuð jól.

Jón Ómar Gunnarsson, prestur



Aðventukveðja

Senn gengur í garð hátíðin kæra sem á sér stærstan sess og sæti í lífi þjóðarinnar. Flest bíðum við hennar með tilhlökkun og eftirvæntingu. Við eigum öll ljúfar minningar sem henni tengjast af góðum stundum í faðmi fjölskyldu og ástvina. Í aðdraganda þeirrar hátíðar finnst okkur rétt og skylt að minnast okkar bræðra og systra sem eiga um sárt að binda af einhverjum orsökum og rétta hjálparhönd ef mögulegt er. Þannig verður hátíðin okkur sannari sem hátíð velvildar og gæsku. Já, hátíð ljóss og friðar.

Undanfarið ár hér í Glerárkirkju og

Lögmannshliðarsókn hefur verið ár breyttinga og umskipta. Góðir og mætir starfsmenn hafa horfið til annara starfa og nýjir tekið við. Séra Arna Ýr Sigurðardóttir flutti sig um set til Grafarvogskirkju. Ragnheiður Sverrisdóttir djákni lauk sömuleiðis störfum hér og hélt á ný til síns fyrra starfs hjá Biskupsstofu eins og til stóð og loks hélt Sigríður Albertsdóttir kirkjuvörður til starfa á nýjum vettvangi eftir áralanga þjónustu. Kunnu við þeim bestu þakkir fyrir vel unnin störf og óskum þeim velfarnaðar. Til starfa hafa komið í þeirra stað þau séra Jón Ómar

Gunnarsson, Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir djákni og Hermann Jónsson sem kirkjuvörður. Við gleðjumst innilega yfir þessu góða fólki og bjóðum þau velkomin til starfa.

Að lokum kæru vinir hvet ég ykkur öll til að rækja kirkjuna okkar þessa aðventu og jólatíð. Látum hana vera okkur öllum uppspretta blessunar og gleði.

Með bestu jólakveðjum fyrir hönd sóknarnefndar,

*Gunnar Sturla Gíslason,
sóknarnefndarformaður.*

Söfnuðu fyrir brunni og vatnstanki

Það var ekki við öðru að búast en góðum árangri hjá fermingarbörnum í Glerársókn í árlegri söfnun fyrir vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda og Eþíópíu. Það hafa þau sýnt ár eftir ár. Þau gengu í hús í byrjun nóvember og mættu gjafmildu fólki sem gaf samtals 231.309 krónur sem duga fyrir brunni og vatnstanki.

Hreint vatn breytir öllu! Það höfðu fermingarbörnin fengið að heyra frá góðum gestum frá Úganda, þeim Ronald og Irene sem voru í heimsókn á Íslandi til að fræða og ræða við fermingarbörn um allt land. Ronald og Irene þekktu af eigin raun hve erfitt það er þegar vatn er af skornum skammti og langt að sækja það. Þá getur heilsan verið slæm og mikill tími fer í að



sækja vatn. Þau höfðu bæði fengið stuðning í gegnum verkefni Hjálparstarfsins í

Úganda og sögðust vera komin til að segja takk. Stuðningurinn sem þau hefðu fengið hefði breytt öllu og meðal annars gert þeim kleift að ganga í skóla. Ronald er búinn með tveggja ára nám í félagsráðgjöf og Irene er búinn með menntaskóla og langar að læra lögfræði.

Handgraffinn brunnur í Eþíópíu dugar til að veita um 500 manns hreint vatn í mörg ár, heilsan verður betri og svo er líka hægt að vökva grænmetisgarða og fá þannig fjölbreyttari fæðu. Með brunnum kemur líka mikil fræðsla um hreinlæti og smitleiðir sjúkdóma, kamrar eru reistir og frætt um notkun þeirra.

Nú eru það við sem segjum TAKK fermingarbörnum Glerársóknar/Lögmannshliðarsóknar fyrir dugnað og elju við söfnun og TAKK till allra þeirra sem lögðu sitt af mörkum. Þetta framlag gefur mörgum betri framtíð.

*Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri
Hjálparstarfs kirkjunnar.*



Fylgst með af athygli í barnastarfinu.



Fermingarundirbúningur

Í lok október heimsóttu rúmlega 100 fermingarbörn úr Glerárkirkju Hóla í Hjaltadal og Fræðslusetur Þjóðkirkjunnar að Löngumýri í Skagafirði.

Á Hólum tók sr. Sólveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup, á móti ferm-



Fermingarbörn læra um Nýja Testamentið.

ingarbörnunum og sagði þeim frá Hóladómkirkju og Auðunarstofu. Á Löngumýri fengu börnin fræðslu um Sálmbókina, Biblíuna og Hjálparstarf Kirkjunnar sem prestar Glerárkirkju leiddu.



Frá samveru fermingarbarna að Löngumýri.



Fermingarbörn á Hólum í Hjaltadal.

Kvenfélagið Baldursbrá

Nú er vetrarstarfið hafið og eru félagsfundir haldnir þriðja fimmtudag í mánuði kl 19:00 og reynum við að vera bæði með skemmtun og fróðleik þar. Aðra fimmtudaga síðan í haust höfum við verið að undirbúa vörur fyrir Basarinn okkar sem var núna í nóvember og gekk afar vel. Eftir áramótin ætlum við að nota handavinnukvöldin til að gera vörur fyrir Rauðakrossinn sem sent verður til Hvíta-Rússlands.

Markmið félagsins er að vinna að mannúðarmálum og starfsemin okkar gengur aðallega út á það að afla fjár sem

síðan er gefið til góðra málefna. En til þess þarf margar góðar og fórnfúsar hendur. Nýjar félagskonur eru ávallt velkomnar.

Minningarkort félagsins fást í Glerárkirkju og Fold-Önnu í Hafnarstræti 100.

Kvenfélagið þakkar öllum þeim sem hafa stutt hafa starf félagsins á undanförunum árum.

Guð gefi ykkur gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Ég vil minna á heimasíðu félagsins inn á vef Glerárkirkju, undir Baldursbrá, og einnig á Facebook síðuna.

Sveina Páls formaður.

Jólaaðstoð á Eyjafjarðarsvæðinu 2014

Margir einstaklingar og margar fjölskyldur eiga um sárt að binda um hátíðarnar vega fjárhagserfiðleika. Á Eyjafjarðarsvæðinu standa Hjálpræðisherinn, Hjálparstarf kirkjunnar, Mæðrastyksnefnd og Rauði krossinn að sameiginlegri jólaaðstoð til einstaklinga og fjölskyldna í fjárhagserfiðleikum.

Þeim sem vilja leita aðstoðar er bent á að hafa samband í síma 570 4090, síma-verið er opið alla virka daga milli kl. 10-12 frá 27. nóvember til 5. desember. Jólaaðstoðin á Eyjafjarðarsvæðinu nýtur stuðnings fjölmarga fyrirtækja, félagasamtaka og einstaklinga.



Kór Glerárkirkju

Starf Kórs Glerárkirkju hefur verið með hefðbundnum hætti það sem af er vetri. Undirbúningur fyrir jólatónleika, sem þetta árið verða **14. desember kl. 20:00**, hófst með æfingadegi í Lóni í byrjun nóvember. Síðan hefur verið æft vikulega og nú skal æft tvisvar í viku fram að tónleikum. Þeir verða í samvinnu við Karlakór Eyjafjarðar. Þrógramið er létt og skemmtilegt og óhætt að lofa jólastemningu. Að þeim lokum tekur við undirbúningur fyrir

athafnir jólaanna sem er annatími hjá kórnum en alltaf jafn yndislegur og gefandi.

Við getum bætt við okkur nýju fólki í allar raddir og biðjum við áhuasama að hafa samband við Valmar Völjaots, stjórnanda kórsins og organista Glerárkirkju.

Að lokum óskum við öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

*Kær kveðja,
Félagar og stjórnandi
í Kór Glerárkirkju.*

Helgihald í Gleráarkirkju á adventu og jólum



Sunnudagurinn 30. nóvember - Fyrsti sunnudagur í adventu.

Sunnudagaskóli og messa kl. 11:00.

Sameiginlegt upphaf. Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar.

- ★ Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng undir stjórn Valmars Völjaots.

Adventukvöld kl. 20:30.

Ræðumaður er Sigrún Stefánsdóttir. Kór Gleráarkirkju

- ★ syngur ásamt Barna- og Æskulýðskór kirkjunnar. Fermingarbörn taka þátt í ljósaathöfn. Allir eru velkomnir.

Sunnudagurinn 7. desember

- Annar sunnudagur í adventu

Sunnudagaskóli og messa kl. 11:00.

Sameiginlegt upphaf. Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar.

- ★ Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng undir stjórn Valmars Völjaots.

Kvöldguðsþjónusta kl. 20:30.

Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar.

- ★ Krossbandið leiðir almennan söng.

Sunnudagur 14. desember

- Þriðji sunnudagur í adventu

Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11:00.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson og Sunna Krístrún

- ★ Gunnlaugsdóttir, djákni, þjóna.

Barna- og æskulýðskór Gleráarkirkju syngur.

Jólatónleikar kirkjukórs Gleráarkirkju kl. 20:00

- Í samvinnu við Karlakór Eyjafjarðar.

Sunnudagur 21. desember

- Fjórdi sunnudagur í adventu.

- ★ **Sunnudagaskóli kl. 11:00. Mikill söngur og gleði.**

Aðfangadagur jóla

- ★ **Aftansöngur kl. 18:00.**

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng undir stjórn Valmars Völjaots.

- ★ **Miðnæturmessa kl. 23:00.**

Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar.

Jóladagur

- ★ **Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00.**

Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar. Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng undir stjórn Valmars Völjaots.

Annar dagur jóla

- ★ **Fjölskylduguðsþjónusta kl. 13:00.**

Sr. Jón Ómar Gunnarsson og Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir, djákni, þjóna. Barna- og Æskulýðskór Gleráarkirkju leiðir almennan söng.

Sunnudagurinn 28. desember

- ★ **Kvöldguðsþjónusta kl. 20:30.**

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Gospelkór Akureyrar syngur undir stjórn Heimis Ingimarssonar.

Gamlarsdagur - 31. desember

- ★ **Aftansöngur kl. 18:00.**

Sr. Guðmundur Guðmundsson þjónar. Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng undir stjórn Valmars Völjaots.

Nýársdagur - 1. janúar

- ★ **Hátíðarmessa kl. 14:00.**

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng undir stjórn Valmars Völjaots. Kór Gleráarkirkju syngur.

Sunnudagaskóli Gleráarkirkju

er alla sunnudaga kl. 11:00 og hefur upphaf í messunni. Þá sunnudaga sem fjölskylduguðsþjónustur eru, er sunnudagaskólinn hluti af þeim.

Athugið: Eldri borgara samvera verður í kirkjunni fimmtudaginn 18. desember kl. 15:00. – Kaffiveitingar og gott samfélag.

Vígðir þjónar og starfsfólk Gleráarkirkju

Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtaltímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: 464 8808 (í kirkju), 462 7676 (heima) og 864 8455 (gsm). Netfang: gunnlaugur@glerarkirkja.is

Sr. Jón Ómar Gunnarsson

Viðtaltímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: 464 8802 (í kirkju), og 864 8456 (gsm). Netfang: jonomar@glerarkirkja.is

Djákni: Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir.

Viðtaltímar eftir samkomulagi. Símar: 464 8807 (í kirkju) og 864-8451 (gsm). Netfang: sunna.kristrun@glerarkirkja.is

Umsjónarmaður er Haukur Þórðarson. Hann er við á virkum dögum kl. 11:00-16:00. Símar: 464 8803 (í kirkju) og gsm 661-7700 Netfang: haukur@glerarkirkja.is

Organisti er Valmar Völjaots. Viðtaltímar eftir samkomulagi. Símar: 464 8804 (í kirkju) og gsm 853 8001.

Netfang: valmar@glerarkirkja.is

Kirkjuvörður er Hermann Ragnar Jónsson, gsm 861 5025.

Umsjón með eldhúsi hefur Sigurrós Anna Gísladóttir, gsm 848 6440.

Upplýsingar um annað starfsfólk Gleráarkirkju er að finna á www.glerarkirkja.is

Gleráarkirkja: Sími 464 8800 – Fax: 464 8809 – www.glerarkirkja.is – glerarkirkja@glerarkirkja.is

